

Nd. **450. Frumvarp til laga** [236. mál]
um breyting á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysum.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Í stað „liðnir eru 6 mánuðir“ í 1. gr. laganna komi: liðinn er einn mánuður.

2. gr.

Í stað „liðnir eru að minnsta kosti 6 mánuðir“ í 2. gr. laganna komi: liðinn er að minsta kosti einn mánuður.

3. gr.

Í stað „6 mánuði“ í þriðju gr. laganna komi: einn mánuð.

4. gr.

Ný grein, sem verður 4. gr. laganna orðist svo:

Nú hverfur maður hér í landi án þess að vitað sé að hann hafi komist í lífs- háska eða lent í þeim hættum, er ætla má að honum hafi grandað, og má þá fá úrskurð um, að hann skuli talinn látinn, ef ekkert hefur til hans spurst í þrjá mánuði.

5. gr.

Ný grein, sem verður 5. gr. laganna, orðist svo:

Nú hverfur maður af skipi eða flugfari í erlendri höfn eða á ferðalagi erlendis, og má þá fá úrskurð um að hann skuli talinn látinn, ef ekkert hefur til hans spurst í þrjá mánuði.

6. gr.

Töluröð annarra lagagreina breytist í samræmi við lög þessi. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þeim fimmtíu og sex árum, sem liðin eru síðan lög þessi voru samþykkt á Alþingi, hafa tækinframfarir verið slíkar að ævintýri er líkast.

Á því sviði hefur þróun vél- og öryggisbúnaðar skipa í engu verið eftirbátur annarrar þróunar. Á sviði fjarskipta hefur hver tæknibyltingin rekið aðra og framfarir á fáum sviðum orðið jafnörar og í fjarskiptabúnaði.

Þegar lög þessi voru samþykkt voru hin smærri vélbúnu fiskiskip með litlar vélar og treystu menn enn á og nýttu seglbúnað þeirra.

Fjarskiptabúnaður var aðeins til í fáum hinna stærri skipa, hann var ófullkominn, stuttþrægur og bilaði oft. Sú var einnig raunin um búnað þennan á landi, sem notaður var í viðskiptum milli héraða og landa.

Ekki var óalgengt að vélbilanir yrðu í hafi nær og fjær, skip festust í ís dögum og jafnvel vikum saman, strönduðu og fórust, og útilokað var að koma frá sér upplýsingum um dvalarstað, um aðstæður eða afdrif áhafnar, nema seint og um síðir.

Hið sama gilti um ferðalög á landi. Menn lögðu upp ríðandi eða gangandi, í hópum eða einir sér. Þótt skýrt væri frá áætlunarstað gátu vikur eða mánuðir liðið þar til fréttir bárust af því, hvort viðkomandi aðilar hefðu náð áfangastað. Átti þetta sérstaklega við, ef um langa vegu var farið, um fjallvegi, í önnur og fjarlæg héruð, þegar vetur fór í hönd og veður gerðust válynd.

Nú er þetta gjörbreytt. Undantekning er, ef farið er í ferð án þess að vitað sé um ferðaleiðir og greint sé frá áætluðum komutíma viðkomandi aðila. Ef ferðamanna eða flugfars er saknað á landi uppi eru með stuttum fyrirvara komnar til starfa þrautþjálfaðar leitarsveitir á landi og flugvélar í lofti. Þessar leitarsveitir eru vel búnar til ferða um fjöll og óbyggðir í verstu veðrum og geta haft samband sín á milli og við stjórnstöð leitar, með fullkomnasta fjarskiptabúnaði sem völ er á.

Sama gildir um skipin. Minnstu skipin eiga að tilkynna um brottför og áætlaðan komutíma. Öðrum skipum, sem eru utan hafnar, ber að tilkynna sig til næstu strandstöðvar á ákveðnum tímum sólarhringsins. Er þetta lagaskylda nú.

Auk þessa eru mörg þeirra, í afmörkuðum hóp, með fast fjarskiptasamband innbyrðis. Má þar til nefna þann góða og gamla sið, að fiskiskip frá sömu verstöð hafa reglulegt samband sín á milli.

Ef minnsti ótti kemur upp um að skipi hafi hlekkst á, eru þegar gerðar ráðstafanir til leitar af sjó, úr lofti og á landi eru fjörur gengnar.

Í ljósi framansagðs, með slík viðbrögð í huga og vitneskjuna um hve lengi menn geta hugsanlega haldið lífi, þótt í hjörgunarbát hafi komist, virðist með öllu óþarft að halda lengur í úrelt ákvæði laga nr. 23 frá 1922 um allt of langan tíma sem þarf að líða uns lögformlegur úrskurður er gefinn um að menn séu látnir, ef farist hafa af slysum. Með þessu er ekki aðeins verið að ýfa upp sár aðstandenda, heldur getur einnig verið um fjárhagslegt tjón erfingja að ræða.

Frumvarp þetta er flutt að gefnum tilefnum. Eftir að hafa tilkynnt um áætlaðan komutíma í höfn hafa bátar horfið á heimsiglingu og aldrei komið fram. Stundum hefur fundist úr þeim brak, stundum ekki. Allir, sem skynbragð hafa á, vita að skipin hafa farist og að áhöfn er látn, og þetta vita aðstandendur ekki síst. Nýlegt dæmi er um að haldin var kirkjuleg minningarathöfn um skifshöfn sem farist hafði á heimsiglingu með skipi sínu. Ekkert lík hafði fundist. Sýslumaður gat þó eigi úrskurðað að mennirnir væru látnir fyrr en nær fimm mánuðum síðar. vegna ákvæða gildandi laga. Þá fyrst er skylt að greiða lögbætur og gildir hið sama um samningsbundnar tryggingabætur. Oft þarf að gera ýmsar fjármálalegar skuldbindingar fyrir aðstandendur, þegar fyrirvinna fellur skyndilega frá, en þá er bóta- og tryggingafé bundið.

Hjá Tryggingastofnun ríkisins er sá háttur hafður á, að bætur eru greiddar þegar skiptaráðandi gefur fyrirmæli þar um. Skiptaráðandi getur hins vegar ekki gefið slík fyrirmæli fyrr en eftir að sýslumaður eða bæjarfógeti hefur fellt úrskurð

um dánardægur. Tryggingastofnunin greiði þá bætur til baka, eða frá úrskurðuðum dánardegi, en enga vexti.

Verið getur að um stærri upphæðir sé að ræða en hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna annarra lög- og sammingsbundinna líf- og örorkutrygginga, sem eru þá á vegum einstakra tryggingarféлага. Óhætt er að fullyrða, að þar gilda ekki rýmri reglur um greiðslu bóta en hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Má því segja, að um sé að ræða bæði fjárhagslegt tjón aðstandenda vegna vaxtataps, vegna fjárskorts t. d. til íbúðarkaupna ekkna og barna vegna, en hvað frekast þó vegna rýrnunar þessara fjármuna í verðbólguþjóðfélagi okkar.

Í 4. og 5. gr. er lagt til að bætt verði við lögín nýjum ákvæðum svo sem þar segir.

Efni fjórðu gr. mun að sjálfsögðu m. a. skoðast í ljósi atburða sem gerst hafa hér á landi á síðustu árum er menn hverfa af völdum annarra manna.

5. gr. skýrir sig sjálf, þótt finna megi sambærileg rök og við fyrri greinar frumvarpsins um að þar skuli tímamörkin einnig vera einn mánuður. Á móti kemur sú röksemd, að undir slíkum kringumstæðum sé hvað auðveldast fyrir mann að láta sig hverfa. En flm. telur samt sem áður að þriggja mánaða mörkin séu réttlæt看leg, sérstaklega ef um fyrirvinnu maka og barna er að ræða og eins vegna hraðfara tækniþróunar í lögreglurannsóknnum.